

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1979.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1979:

	U. S. § pr. lb. cif.
Lausfrystur hörpudiskur	2.80
Blokkfrystur hörpudiskur	2.60
Rauður hörpudiskur	1.50
Verðbil verður 5%	

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægnu verðbili.

Verðin miðast við viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið 1. nóvember 1979.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á verkuðum saltfiski (þorski) framleiddum á árinu 1979.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á verkuðum saltfiski (þorski) framleiddum á árinu 1979:

	kr. pr. kg fob.
Especial 10/40	1 712.00
— 40/60	1 100.00
— 60/80	978.00
— 80/120	897.00
Miramar 10/40	1 081.00
— 40/60	798.00
— 60/80	748.00
— 80/120	707.00
Miradouro 10/40	842.00
— 40/60	716.00
— 60/80	648.00
— 80/120	598.00

Verðbil verður 3½% og miðast við verðhækkun eingöngu.